



Síða 14

Úr körfubolta í knattspyrnu



Síða 11

Buðu ferfættum gistingu

## FLJÓTLEGRI KOSTURINN

Mexíkóskt þema í kvöld?



Opnunartími Hringbraut: Allan sólarhringinn  
Opnunartími Tjarnabraut: 08.00 - 23.30 Virka daga  
09.00 - 23.30 Helgar

  
Krambúðin



# VÍKURFRÉTTIR

MIDVIKUDAGUR 6. DESEMBER 2023 // 46. TBL. // 44. ÁRG.

## Hærra mastur yfir varnargarða við Svartsengi



Taka þurfti orkuverið í Svartsengi úr rekstri í um hálfan sólarhring meðan nýtt og hærra mastur var reist við varnargarðinn sem nú er verið að reisa í kringum Svartsengi. Svartsengislína 1, lína sem liggur frá Svartsengi að Raudamel, fer um nýja mastrið. Verkið gekk mjög vel. Á meðan línan var tekin úr rekstri fékk Grindavík rafmagn frá þremur varaafslvélum sem voru tengdar inn á veitukerfið á meðan á verkinu stóð. Vélarnar voru staðsettar á hafnarsvæðinu í Grindavík og gátu annað 3,5 megavöttum sem gátu séð Grindavík fyrir því rafmagn sem þörf var á á meðan að aðgerðinni stóð. Meðfylgjandi myndir tók Sveinn Bjarnason.



### JÓLABLAÐ VÍKURFRÉTTA kemur út í lok næstu viku

SÍÐASTA BLAÐ FYRIR JÓL!

Verið tímanlega með efni og auglýsingar.

Sími 421 0000 eða [vf@vf.is](mailto:vf@vf.is)

## VIÐ SÝNUM ALLAR EIGNIR, FÁÐU TILBOÐ Í FERLIÐ.

  
FASTEIGNASALA



DÍSA  
DISA@ALLT.IS  
560-5510



ÁSTA MARÍA  
ASTA@ALLT.IS  
560-5507



HELGA  
HELGA@ALLT.IS  
560-5523



ELÍNBOURG ÓSK  
ELINBOURG@ALLT.IS  
560-5509



UNNUR SVAVA  
UNNUR@ALLT.IS  
560-5506



ELÍN  
ELIN@ALLT.IS  
560-5521



HAUKUR  
HAUKUR@ALLT.IS  
560-5525



SIGURJÓN  
SIGURJON@ALLT.IS  
560-5524



PÁLL  
PALL@ALLT.IS  
560-5501

16 SÍÐUR Í ÞESSARI VIKU • STÆRSTA FRÉTTA- OG AUGLÝSINGABLAÐIÐ Á SUÐURNESJUM





F.v. Jóna Björg Antonsdóttir, Anna Marta Valtýsdóttir, Jónína Sigríður frá Mæðravernd, Hjálmar Árnason og Skúli Bjarnason.

## Oddfellow færir Mæðravernd HSS gjafir

Oddfellowreglan lætur sig samfélagið varða. Í Reykjanesbæ eru fjórar Oddfellowstúkur, Eldey, Steinunn, Njörður og Jón forseti. Saman stóðu þær fyrir því að koma upp hinni glæsilegu Líknardeild við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, HSS. Fulltrúar Reglunnar komu færandi hendi á dögnum og afhentu Mæðraverndinni á HSS þrjár milljónir króna til kaupa á nauðsynlegum tækjum.

„Það var algjör samhugur hjá öllum stúkunum um að styðja við bakið á Mæðraverndinni. Hún er jú upphaf alls hjá okkur,“ sagði Oddfellowfólkið. Fulltrúar Mæðraverndar og HSS þökkðu gjöfina.

„Þetta fé kemur sér afar vel fyrir starf okkar því við viljum verðandi mæðrum allt hið besta. Þá er ekki síður hvetjandi fyrir okkur að finna þann hlýhug sem Oddfellowar sýna okkur með þessari rausnarlegu gjöf,“ sögðu fulltrúar Heilbrigðis-

stofnunar Suðurnesja við afhendingu gjafarinnar.

Oddfellowreglan eru mannræktarsamtök sem láta sig samfélagið varða.



Jónína Sigríður frá Mæðravernd og Alma María, hjúkrunarforstjóri HSS, ánægðar með gjafabréfið frá Oddfellow.

## Heitt vatn og rafmagn í lagi í Grindavík og staða á innviðum víða góð

Mikil vinna hefur staðið yfir við að kanna stöðu innviða í Grindavík og ástand þeirra og eru margir að störfum víða um bæinn að sinna viðgerðum. Þá hafa fleiri fyrirtæki hafið rekstur að nýju en mörg þó ekki með fullum afköstum.

Unnið hefur verið að því að mynda fráveitulagnir í götum og gengur sú vinna vel. Notast er við þrjár myndavélar, þ.e. þrjár hópar eru að mynda. Þær lagnir sem hafa verið myndaðar koma ágætlega út. Vesturstofn fráveitukerfisins fór illa í sprungu neðan við Kirkjustíg en viðgerð þar er lokið. Þá hefur verið staðið í smærri viðgerðum víða um bæ. Viðgerð á fráveitulögn við Austurveg er umfangsmikil, vonir standa til að viðgerð þar ljúki í næstu viku. Vinna við mælingar á hæð í brunnum fráveitunnar er hafin. Sú vinna skiptir máli til að fá fullvissu um sjálfrennsli.

Staðan á kalda vatninu er almennt nokkuð góð. Kalt vatn er á stórum hluta bæjarins en stefnt er að því að kalt vatn verði komið á allan bæinn strax eftir helgi. Mesta tjónið á vatnsveitunni er við Austurveg við Grindavíkirkirkju. Samhliða vinnu við lagnakerfið er unnið í lekaleit á kerfinu. Íbúar eru hvattir til að nota ekki salerni, vaska, uppþvottavélar o.s.frv. í þeim húsum sem hafa kalt vatn þar til það verður staðfest að fráveitu-



Holurnar geta leynst víða í Grindavík. VF-mynd/Jón Reynisson.

kerfið frá þeirra húsum er í lagi og skili skólpi sína leið til sjávar. Gatnalýsingin hefur haldið velli enn sem komið er, ljós er á staustum en þónokkrir þeirra eru skakkir.

Heitt vatn og rafmagn er á öllum bænum sem þjónað er af HS veitum. Stofnleiðir fjarskiptakerfa eru að mestu leyti í lagi, samkvæmt samtölum Grindavíkurbæjar við Mílu og Ljósleiðarann. Íbúar og fyrirtæki eru hvött til að setja sig í samband við þessa aðila ef heitt vatn, rafmagn og fjarskipti hjá þeim virka ekki sem skyldi.

Framkvæmdir við það að fylla í sprungur og holur eru hafnar, en þessar framkvæmdir eru mikilvægar til að tryggja öryggi íbúa, starfsmanna fyrirtækja, viðbragðsaðila og annara aðila á ferð sinni um bæinn. Hver og ein sprunga verður gengin, skrásett og fyllt. Þeir sem hafa ábendingar um

sprungur og/eða holur t.d. á lóðum sínum er bent á að tilkynna þær á grindavik@grindavik.is

**Reikningar felldir niður**  
Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar hefur samþykkt að fella húsaleiguréikninga og reikninga vegna þjónustugjalda Grindavíkurbæjar vegna nóvember 2023.

Niðurfellingin verður framkvæmd eins fljótt og kostur er og mun þá krafan falla út í heimabanka viðkomandi. Ef búið er að greiða þá myndast inneign í viðskiptamannabókhalda bæjarins og er hægt að fá þá inneign endurgreidda. Ósk um endurgreiðslu er hægt að senda á gudbjorg@grindavik.is

Ekki verða sendir út húsaleigudeila þjónusturéikningar frá Grindavíkurbæ meðan þetta ástand varir.




## Aðventugarðurinn opnaður

Aðventugarðurinn í Reykjanesbæ hefur verið formlega opnaður. Það var gert með aðventugöngu föstudaginn 1. desember þar sem gengið var úr Aðventugarðinum í fylgd jólasveina og Grylu gömlu yfir í Skessuhelli þar sem Fjöla tröllastelpa tók á móti mannskapnum og sungin voru jólalög. Síðan var gengið til baka í Aðventugarðinn þar sem ljósín voru tendruð á jólatré Aðventugarðsins og öllum boðið upp á heitt kakó og piparkökur.

Aðventugarðurinn verður opinn um helgar til jóla og verður dagskrá í garðinum laugardaga og sunnudaga. Meðal þess sem var á dagskrá síðustu helgar var ratleikur, jólaball með jólasveinum Aðventugarðsins, heimsókn frá risastórum ísbirni, snjóprinsessunni og fjallamanninum, Jóliver frá Sirkus Íslands og Lalla töframanni. Þá lék Kósýbandið ljúfa tóna auk þess sem

atriði frá Leikfélagi Keflavíkur úr Jólasögu í Aðventugarðinum var flutt. Alla dagskrá og nákvæmari tímasetningar er að finna á vefnum visitreykjanesbaer.is. Aðventugarðurinn verður opinn allar helgar í desember frá kl. 14-17 og á Þorláksmessu frá kl. 18-21.

Þá er Aðventusvellið, með nýbrýndum og finum skautum, komið á syngjandi siglingu og þar



gefst fjölskyldum einstakt tækifæri til að upplifa saman gleðilegar stundir með hressandi úti- og hreyfingu. Opíð er á svellinu föstudaga til sunnudags. Allar nánari upplýsingar um svellið eru á adventusvellid.is.



Allt hreint  
Umhverfissvöluð ræstingarpjónusta

HREINSUM  
RIMLAGARDÍNUR OG  
MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS

16 FERÐIR Á DAG  
ALLTAF PLÁSS  
Í BÍLNUM

SUÐURNES - REYKJAVÍK  
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA


ARGOFLUTNINGAR.IS

845 0900


FINNDU OKKUR Á FACEBOOK



# Jólabækurnar eru mættar




**Ból**  
Steinunn  
Sigurðardóttir




**Dauðadjúp sprunga**  
Lilja Sigurðardóttir




**Heimsmeistari**  
Einar Káráson




**Land næturinnar**  
Vilborg Davíðsdóttir




**Sæluríkið**  
Arnaldur Indriðason




**Valskan**  
Nanna  
Rögnvaldardóttir



**Eitur**  
Jón Atli Jónasson




**Bílar í lífi þjóðar**  
Örn Sigurðsson



**Eldur**  
Björk Jakobsdóttir




**Því dæmist rétt vera**  
Einar Már Guðmundsson



**Sund**  
Katrín Snorradóttir  
Valdimar Tr. Hafstein



**Skólaslit 2**  
Rauð viðvörðun  
Ævar Þór Benediktsson  
Ari H.G. Yates



**Bannað að drepa**  
Gunnar Helgason  
Alexander D.H. Dawidsson



**Mömmuskipti**  
Arndís Þórarinsdóttir  
Hulda Sigrún Bjarnadóttir



**Syngdu vöggvísur með Láru og Ljónsa**  
Birgitta Haukdal

nettó





## Reykjanes Optikk



### Minnum á gjafakortin tilvalin í jólapakkann

Áratuga reynsla Sjónmælingar  
Góð þjónusta Linsumælingar  
Falleg vara Sjónþjálfun  
Nýjungar í sjónglerjum og tækjum

Tímá pantanir í síma 420-0077 og á heimasíðu [www.reykjanesoptykk.is](http://www.reykjanesoptykk.is)  
Fylgdu okkur á Instagram og Facebook @reykjanesoptykk.is



### Nýjar rafstöðvar til sölu

70 og 90 KWA rafstöðvar til sölu.  
Verð kr. 1.980.000 + vsk.

Húsagerðin hf.  
Iðavöllum 14, Keflavík  
símar 69 69 468 og 892 3590

## Störf í boði hjá Reykjanesbæ

Björgin Geðræktarmiðstöð Suðurnesja - Ráðgjafi

### Háaleitisskóli

Kennari í samfélagsfræði á mið- og elsta stig  
Kennari í íslensku á elsta stig (8. - 10. bekkur)  
Umsjónarkennari á miðstig (5. - 7. bekkur)

### Njarðvíkurskóli

Starfsmenn skóla og í sérdeildina Ösp við Njarðvíkurskóla

**Stapaskóli** - Umsjónarkennari á unglíngastigi

**Viltu starfa hjá Reykjanesbæ?** Almenn umsókn

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn



REYKJANESBÆR  
Í KRAFTI FJÓLBREYTILEIKANS



JAFNLAUNAVOTTUN  
2023 - 2026

# Yngstu nemarnir kveiktu jólaljósin

Kveikt var á jólaljósum á jólatrjám í Suðurnesjabæ á fullveldisdaginn, 1. desember. Magnús Stefánsson bæjarstjóri kynnti dagskrá í Garði kl. 17 og í Sandgerði klukkustund síðar.

Tveir yngstu nemendur Gerðaskóla kveiktu ljósin á jólatrénu í Garði. Það eru þau Þórhildur Perla Þórudóttir og Alíana Eysteinsdóttir Khoshkhoo. Þá lék rokkhljómsveit Tónlistarskólans í Garði tvö lög. Sveitina skipa þau Elísa (söngur), Magnús Máni (söngur), Benedikt Natan (gítar), Brynjar Ægir (bassi), Alexander Goði (kassatromma), Guðbergur Magni (slagverk) og Ögmundur Ásgeir (slagverk). Þá komu jólasveinar í heimsókn og

sprelluðu og gáfu börnum mandarínur og sælgæti.

Það voru þeir Jóhann Stormur og Anton Egill sem sáu um að kveikja jólaljósin á trénu í Sandgerði. Þá fluttu nemendur við Tónlistarskólann í Sandgerði tónlistaratriði. Tawba Nesma Amrouni og Aleksandra Koziol léku á pianó. Þeim til halds og trausts var kennari þeirra Haukur Arnórsson. Jólasveinar mættu á svæðið með mandarínur og sælgæti fyrir börnin.

Þá fengu allir kakó og piparkökur bæði í Garði og Sandgerði en sá dagskrárliður var í umsjón ungmennaráðs Víðis.



Fleiri myndir á [vf.is](http://vf.is)



## Gefðu myndlistarvörur um jólin

Hjá okkur færð þú einfaldlega all í jólapakkann fyrir myndlistarfólk á öllum aldri. **Gjafasett** sem slá alltaf í gegn, allar tegundir **lita**, ótrúlegt úrval af **trönum**, **pensla**, **pappír**, **skissubækur**, **möppur**, **striga**, **blindamma**, **spreybrúsa** og margt, margt fleira.

**SLIPPFÉLAGIÐ** Opið:  
Hafnargötu 54 **8-18** virka daga  
Reykjanesbæ **10-14** laugarlega  
S: 421 2720 **slippfelagid.is**



# KÓSYKJÖLD

í Reykjanesbæ  
7. desember

Tilboð í verzlunum  
& á veitingahúsum.  
Opð til kl.22 í verzlunum.

Frábært tækifæri til að klára  
jólainnkaupin & gera vel við  
sig í mat & drykk 

ÞEGAR ÞÚ VERSLAR  
Í HEIMABYGGÐ STYÐUR  
ÞÚ HEILT SAMFÉLAG –  
EKKI BARA FYRIRTÆKI





ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



J A Ý S T R U F E P A T T Á G  
 Ó Í S A M R U A G A J L I G L  
 L L R K P A L L I M A K H D U  
 I R U R A O A N E P A U R E G  
 N R T Á U S T T Ó R R N E S G  
 Æ U K P M A L T É Ð Í D I E A  
 R K Y M Ó G T E A T S U N M G  
 U Ó E A T L A S I R É R D B Æ  
 M R R Ú É S K T A K E N Ý E G  
 Á K U S P E Ö R M J I H R R I  
 G T M É L D J H T S K R I Ó R  
 R E L L I Ð Æ I T R E K N Ú M  
 Y K I B M Ú K S T É F Ó E Æ É  
 K R Ó N U R P Ó P R U F Ú T S  
 S Ó R I K Æ R K A N G Ú J B S

Stekkjastaur  
 Giljagaur  
 Stúfur  
 Askasleikir  
 Hurðaskellir  
 Skyrgámur  
 Bjúgnakrækir  
 Gluggagægir  
 Gáttapæfur  
 Ketkrókur

POTTAR  
 KRÓNUR  
 KERTI  
 JÓLIN  
 MALT  
 ILMUR  
 UNÐUR  
 DESEMBER  
 HREINDÝRIN  
 REYKTUR

Gangi þér vel!

# Unnið á tæplega helmings afköstum í vinnsluhúsi Þorbjarnar

Útgerðarfyritækið Þorbjörn í Grindavík hóf vinnslu á nýjan leik á dögunum. Önnur löndunin fór fram mánudagsmorguninn 4. desember, þá landaði Sturla í annað skipti og áður hafði Valdimar landað fyrir norðan og var aflanum keyrt suður til Grindavíkur.

Þegar blaðamann bar að garði þennan mánudagsmorgun var allt í myrkri en upp kom vandamál sem verið var að skoða á meðan viðtal við Jóhann Vigni Gunnarsson, starfsmann Þorbjarnar, fór fram. „Ég fékk símhringingu á laugardagskvöld frá slökkviliði Grindavíkur en þeim varð ekki um

sel þegar ljósin í vinnslunni tóku að blikka eins og á dönsku diskóteki. Húsið var auðvitað mannlaut og þeir slógu ljósunum út fyrir okkur. Eitthvað hefur valdið þessu um helgina og það er erfitt að snyrta flök í blikkandi diskóstemmningu. Rafvirkjar eru að skoða þetta og vonandi kemst þetta í lag sem fyrst. Það eru venjulega um 70 starfsmenn hjá okkur en við erum ekki með nema rúmlega 30 starfsmenn eftir að við höfum starfsemi á nýjan leik. Það hefur gengið erfiðlega að fá fleiri því bæði eru margir Pólverjar farnir til Póllands því ekki tókst að útvega þeim húsnæði í tæka tíð og svo



búa nokkrir starfsmenn það langt í burtu frá Grindavík að ekki er hægt að koma þeim til vinnu. Vinnslan er með hefðbundnu sniði en bara á helmings afköstum, við höfum tekið við afla úr þremur löndunum og sá fiskur er unninn og settur í salt, öðrum fiski sem er tilbúinn er pakkað og hann fluttur út. Svona þurfum við að hafa þetta til að byrja með. Við erum, ásamt Vísi og Grindavíkurbæ, að vinna í að fá íbúðir í gánum sem yrðu staðsettir í Vogum við hlið húsnæðis sem við eigum þar. Þar er mótuneyti og kaffiaðstaða og getum vonandi komið þessu í gagnið sem fyrst. Við myndum svo skipuleggja flutninga milli Grindavíkur og Voga. Það er nokkuð ljóst að starfsmannakostnaðurinn mun hækka ansi mikið en betri er hálfur skaði en allur,“ sagði Jóhann.



Jóhann Vigni Gunnarsson.

**SUÐURNESJA**  
**VF** **magasín**

Þú finnur allt það nýjasta í sjónvarpi frá Suðurnesjum á vf.is

Lumar þú á ábendingu um áhugavert efni í Suðurnesjamagasín?  
 Sendu okkur línu á vf@vf.is

**Bíla viðgerðir**  
**Smurþjónusta**  
**Varahlutir**

**BÍLAR & PARTAR**

Brekustíg 38 - 260 Njarðvík  
 sími 421 7979  
 www.bilarogpartar.is

**Rétturinn**  
 Ljúffengur heimilismatur í hádeginu

Opið: 11-13:30 alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

**vf.is**

**HEYRN**  
 HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrðu umskiptin, fáðu heymartæki til reynslu

HEYRN.IS

HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF

Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyrn.is //

# Fleiri línubátar komnir suður

Desembermánuður kominn í gang og bátunum hefur fjölgað þónokkuð því fleiri línubátar eru komnir suður.

Ef við lítum á línubátana sem réru fyrir sunnan þá gekk þeim ansi vel, allir lönduðu í Sandgerði og Margrét GK endaði með 143 tonn í sextán róðrum og hefur síðan bætt við 8,7 tonnum í einni löndun í desember. Dúddi Gísla GK, sem byrjaði í Grindavík en fór síðan til Sandgerðis út af því sem er að gerast í Grindavík, er með 76 tonn í tólf róðrum. Af þeim afla eru 45,5 tonn í sjö róðrum í Sandgerði. Daðey GK var með 74 tonn í níu, fyrst á Skagaströnd og síðan 25 tonn í þremur róðrum í Sandgerði og Katrín GK 28 tonn í fjórum róðrum og öllu landað í Sandgerði.

Aðrir línubátar voru t.d. Sighvatur GK með 486 tonn í fjórum róðrum og mest 155 tonn í einni löndun. Báturinn var við veiðar fyrir sunnan en landaði þá í Hafnarfirði eins og hinir Vísibátarnir. Páll Jónsson GK 479 tonn í fjórum og mest 141 tonn og Valdimar GK 354 tonn í fimm róðrum og mest 116 tonn.

Einharnsbátarnir stoppuðu allir snemma í nóvember en hófu síðan róðra undir lok nóvember fyrir austan en núna eru Gísli Súrsson GK og Auður Vésteins SU báðir komnir suður. Auður Vésteins SU fór til Sandgerðis en Gísli Súrsson GK fór á Snæfellsnes. Vésteinn GK er ennþá fyrir austan.

Þrjár bátar eru ennþá fyrir norðan og það eru allt Stakkavíkurbátar. Gulltoppur GK með 30 tonn í sex róðrum, Hópsnes GK 32 tonn í fimm og Óli á Stað GK 92 tonn í tólf, allir á Siglufirði.

Það gekk ansi vel hjá dragnótábátunum og Síggi Bjarna GK var með 179 tonn í nítján róðrum, þar



af 35 tonn í einni löndun. Þennan afla fékk Síggi Bjarna GK inni í Faxaflóa, í Bugtinni, en þar sem svo mikill þorskur var í þessum afla voru 22 tonn af honum svokallaður VS afli, sem þýðir að Hafnarsóknarstofnun fær hluta af andvirði aflans. Síggi Bjarna GK endaði sem aflahæsti dragnótábatur landsins í nóvember.

Benni Sæm GK, sem líka er í Bugtinni og endaði í fimmta sætinu yfir allt landið, var með 161 tonn í nítján róðrum og mest 21 tonn, Sigurfari GK var með 117 tonn í átján róðrum.

Hjá netabátunum var Friðrik Sigurðsson ÁR með 152 tonn í 24 róðrum, Addi Afi GK 36 tonn í fjórtán og Sunna Líf GK 31 tonn í þrettán róðrum, allir að veiða fyrir Hólmgír.

Þónokkrir færabátar voru á veiðum og veiðin hjá þeim var þokkaleg, þeir voru allir að mestu að eltas við ufsann. Agla ÁR var með 2,6 tonn í fimm róðrum, Guðrún GK 1,9 tonn í þremur, Bliki KE 778 kíló í þremur, Særós ST 3 tonn í fjórum og Dímon KE 5,3 tonn í sex róðrum og var hann aflahæsti færabáturinn frá Suðurnesjum, mest með 1,5 tonn í róðri. Hafdalur GK 1,3 tonn í einum róðri. Allir þessir bátar

AFLAFRÉTTIR

Gísli Reynisson  
 gisli@aflafrettir.is



voru að mestu að landa í Sandgerði. Grindjáni GK var með 1,1 tonn í einum í Grindavík, sem var landað snemma í nóvember.

Sæbjúgnabáturinn Klettur ÍS kom aðeins í Njarðvík í nóvember og landaði 55 tonnum í fimm róðrum af sæbjúgum, af því var 6,9 tonn sem var landað í Njarðvík en báturinn var þá við veiðar í Faxaflóanum út frá Garðinum.

Hjá togurunum var mánuðurinn ansi góður. Sóley Sigurjóns GK átti ansi stóran mánuð var með 659 tonn í sex löndunum sem landað var á Grundarfirði, Hafnarfirði og Siglufirði, mest 145 tonn í einni löndun. Jóhanna Gísladóttir GK var með 463 tonn í sjö löndunum, Sturla GK var með 354 tonn í átta og þar af var 29 tonnum landað í Grindavík en báturinn kom þar inn um áttalettið þann dag og fór út rétt eftir hádegjið. Pálína Þórunn GK var með 246 tonn í fimm löndunum sem landað var í Grundarfirði og 113 tonn var landað í Sandgerði í tveimur löndunum.



# Þóla- appdagatal nettó

mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur	sunnudagur
4 <b>50%</b> Jólagos frá Ölgerðinni	5 <b>40%</b> Baylis & Harding gjafavara	6 <b>50%</b> Beretta kjötalegg	7 <b>50%</b> Leikföng	1 <b>50%</b> Nóa konfekt	2 <b>50%</b> Jólaskraut	3 <b>50%</b> Klementínur
11 <b>50%</b> Frosnar nautalundir	12 <b>40%</b> Coke og Fanta, 1 l	13 <b>50%</b> Bökunarvörur frá Nóa Sírius	14 <b>40%</b> Heill kalkúnn	8 <b>40%</b> Quality Street	9 <b>30%</b> Allar bækur	10 <b>40%</b> Jóla-smákökur
18 <b>40%</b> Hangikjöt	19 <b>40%</b> Humar	20 <b>40%</b> Jólaís	21 <b>30%</b> Rjómi	15 <b>40%</b> Hamborgar-hryggur	16 <b>50%</b> Niðursuðuvörur	17 <b>40%</b> Spil
				22 <b>50%</b> 4x2 l Pepsi og Appelsín	23 <b>50%</b> Lay's snakk	24 <b>50%</b> Jólanammi

Jóladagatal, nýtt apptilboð á hverjum degi

## Helgartilboð gilda 7.–10. desember

**FJALLALAMB**  
Sviðahausar

**32%**

**577** kr/kg  
849 kr/kg

Heilsuvara vikunnar

Dione ís, sykurlaus, 475 ml

**40%**

**479** kr/stk  
799 kr/stk

KJÖTBORD


Grisahakk

**23%**

**998** kr/pk  
1.296 kr/pk



Safnaðu inneign og fáðu betra verð með appinu



nettó

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.







Skafmiðaleikur Vísurfrétta og verslana og fyrirtækja á Suðurnesjum

# 6000

# vinningar

í Jólalukku Vísurfrétta 2023

Það getur borgað sig að gera jólaínnkaupin á Suðurnesjum!



APPELSÍN MEÐ JÓLAKVEÐJU

## Fyrsti útdráttur er 9. desember! Skilaðu miðum í Nettó.

Við drögum út glæsilega vinninga þrisvar í desember, 9., 16. og 23. desember. Skilaðu miðanum þínum (með engum vinningi á) í Nettó í Krossmóa eða Nettó Íðavöllum.

Fylgist með á [vf.is](http://vf.is) og í Vísur-fréttum.



Híkoki borvél og fylgi-hlutir frá Húsasmíðjunni, Fitjum, Njarðvík



Gisting á Dimond Suites og 3 rétta kvöldverður fyrir tvo

Philips 65" UHK Smart TV frá Nettó

# 2

# 25

Nettó inn-eignir í appi



2 stk. 100.000 kr.  
3 stk. 50.000 kr.  
20 stk. 15.000 kr.



# 2

KitchenAid Artisan 95 hrærivél steingrá frá Nettó



# 2

Gisting á Courtyard by Marriott í Reykjanesbæ og morgunverður fyrir tvo.



MÚRBÚÐIN  
Lavor háþrýstidæla



BÚSTOÐ  
síðan 1973

Delta hægindastóll með snúning

# 25



Nóa & Sírius konfektikassar



ÍSLANDSHÓTEL  
Gisting í 2ja manna herbergi með morgunverði



Reykjanes Optikk

Gjafabréf 30.000 kr.



## Hvatagreiðslur til eldra fólks verða 45.000 krónur á ári

Hafþór Birgisson, íþrótt- og tómstundafulltrúi Reykjanesbæjar, kynnti drög að reglum um hvatagreiðslur til eldra fólks.



Golf er holl líkamsrækt fyrir fólk á öllum aldri.

greiðslur eldra fólks 67 ára og eldri sem taka gildi 1. janúar næstkomandi á fundi lýðheilsuráðs á dögunum.

Kristján Gunnarsson, formaður Félags eldri borgara á Suðurnesjum, Kristján Gíslason, meðstjórnandi, Sigurbjörg Jónsdóttir, gjaldkeri, og Jón Ólafur Jónsson frá Virkjun tóku þátt í umræðum um hvatagreiðslur eldra fólks.

Hvatagreiðslur eldra fólks eru 45.000 krónur árlega og fyrnast um áramót. Hvatagreiðslur er t.a.m. hægt að nota til að greiða inn á árgjald í Golfklúbba Suðurnesja.

## Jólagleði Kvenfélags Keflavíkur og Félags eldri borgara

verður haldin á Nesvöllum fimmtudaginn 14. desember kl. 19:00.

Súpa og brauð, gleði og dans.

Verð 4000 kr.

Vinveitingar.

Upplýsingar hjá:

Sigurlaug s. 699 3579,

Kristín s. 869 8190.

Miðasala á Nesvöllum

4. desember kl. 13:00

ATH. Ekki posi.



Ástkær móðir, tengdamamma, systir, amma og langamma,

### GUÐBJÖRG BÖÐVARSDÓTTIR, BAGGA,

lést sunnudaginn 26. nóvember.

Útför hennar fer fram frá Ytri-Njarðvíkirkirkju mánudaginn 11. desember kl. 13.

Karl Ingvason  
Tryggvi Ingvason Anna Gústafsdóttir  
Björg Ingvadóttir Hrnann Magnússon  
Bjarni Böðvarsson Kristín Tryggvadóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,

### HJALTI SIGURÐSSON,

fyrirverandi lögreglumaður,  
Eyjavöllum 3, Reykjanesbæ,

lést á Hrafnistu Nesvöllum fimmtudaginn 16. nóvember.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Þeim sem vildu minnast hans er bent á að leyfa björgunarsveitunum að njóta þess.

Helga Hólmfríður Frímansdóttir  
Kristín Birgisdóttir Sigurjón Örn Guðfinnsson  
Óskar Birgisson Kolfinna Njálisdóttir  
Hilmar Birgisson Pálmfríður Gylfadóttir  
Þórir Smári Birgisson Bára Skúladóttir  
barnabörn, barnabarnabörn  
og systkini hins látna.



## Þurftu að yfirgefa heimilið tvisvar sinnum á árinu

**Kemur ekkert annað til greina en snúa til baka til Grindavíkur**

Grindvíkingar hafa fundið fyrir miklum samhengi landa sinna síðan þeir þurftu að yfirgefa heimili sín föstudaginn 10. nóvember. Það er nógu erfitt að þurfa gera það einu sinni en hjónin Sigurósk Erlingsdóttir og Róbert Hafliðason hafa þurft að gera það tvisvar sinnum á þessu ári því einbýlishús þeirra skemmdist mikið í bruna fyrir á árinu. Uppbygging fór seint af stað en var komin á gott skrið, von var á nýrri eldhúsinnréttingu og allt útlit var fyrir að fjölskyldan myndi flytja inn fyrir júl. Það mun hins vegar ekki gerast og vonast fjölskyldan til þess að framkvæmdum á húsinu verði lokið og hægt verði að flytja inn í það þegar Grindvíkingum verður hleypt að fullu inn í bæinn að nýju, hvenær sem það verður.

Sirry, eins og hún er venjulega kölluð, var að keyra Róbert á Akranes á sjóinn 18. mars en hann er skipstjóri á Víkingi AK. „Við ákváðum að stoppa á KFC í Hafnarfirði þegar ég fékk símtal frá dóttur minni, hún sagði að það væri kviknað í húsinu og hún hefði ekki fundið slökkvitækið en sá svo að þetta var svo mikill eldur að hún hefði ekki ráðið við að slökkva hann. Við hentumst út í bíl og suður svo Róbert fór ekkert á sjóinn í það skiptið. Það var mjög skrítið að fá þetta símtal og heimferðin var sömuleiðis furðuleg. Við vorum auðvitað að vona það besta en þegar við komum á vettvang sáum við að þetta var miklu verra en við vonuðum og okkur var sagt að allt væri ónýtt í húsinu. Ofnar og allt var tekið, öllu var mokað út og húsið varð í raun fohelt en svo liðu um fjórir mánuðir þar til



„Ég átti aldrei von á að upplifa að þurfa yfirgefa heimilið mitt, hvað þá tvisvar sinnum á sama árinu,“ segir Sirry.

upbygging hófst af krafti. Iðn- aðarmennirnir létu varla sjá sig og þurfti harðort samtál frá mér til að framkvæmdir hæfust almennilega. Allt var komið á bullandi siglingu og allt útlit fyrir að við myndum geta flutt inn fyrir júl og haldið þau saman á Ásabrautinni – en þá kom annað áfall.“

### Áfall númer tvö

Von var á eldhúsinnréttingu 17. nóvember en þau plön fuku út í veður og vind. Fjölskyldan þurfti að skipta þrisvar sinnum um heimili fyrstu dagana en var að bíða eftir íbúð í Garðabæ þegar viðtalið var tekið. „Sem betur fer komumst við í leiguhúsnæði í Grindavík eftir brunann og þar fór vel um okkur svo það var mjög skrítið tilfinning



Eins og sjá má skemmdist hús Sirryar og Róberts mikið í brunanum en viðgerðir voru langt komnar og þau höfðu vonast til að geta flutt inn fyrir júl.

### GRINDAVÍK

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson  
sigurbjorn@vf.is



að þurfa yfirgefa það heimili líka þennan örlagaríka föstudag. Við komumst til vinkonu minnar í Mosfellsbæ fyrstu helgina, fluttum okkur svo í lítinn sumarhústað í Brekkuskógi og fórum þaðan í bústað á Syðri-Brú sem Sjómann- og verkalýðsfélag Keflavíkur á. Við vorum tíu þegar mest var, þröngt máttu sáttri sitja átti kannski vel við. Við erum að komast í íbúð í Garðabæ og getum verið þar þangað til við getum flutt aftur á Ásabrautina okkar í Grindavík. Það verður mikill munur að komast í Garðabæ, þetta hefur verið mikið skul fram og baka. Hafliði sonur okkar spilar með Grindavík í körfubolta og hefur þurft að fara á æfingar og til vinnu svo það verður góð tilfinning að búa okkur heimili í Garðabænum. Svo er bara að bíða og sjá, það kemur ekkert annað til greina hjá okkur en flytja aftur til Grindavíkur en hvenær það verður er ekki gott að segja til um. Ég held að það sé best að vera raunsæ og gera ekki ráð fyrir því fyrir en með vorinu en þá vona ég líka að framkvæmdum á Ásabrautinni verði lokið og við getum flutt heim til okkar. Einhvern veginn finnst mér við eiga það skilið eftir þetta ótrúlega ár, ég átti aldrei von á að upplifa að þurfa yfirgefa heimilið mitt, hvað þá tvisvar sinnum á sama árinu,“ sagði Sirry að lokum.



# Hér hafa fallið tár

– segja eigendur Hunda- og katta-  
hótelsins á Ásbrú sem tóku upp á því að  
bjóða ferfættum Grindvíkingum fría  
gistingu á þessum hamfaratímum.

Elmar Þór Magnússon, Sæunn Hilmarsdóttir og Harpa Lind Magnúsdóttir opnuðu Hunda- og kattahótel á Ásbrú í apríl 2021 en áður hafði Elmar rekið hunda- og kattahótel norður í landi frá árinu 2013 til 2020. Hunda- og kattahótel er lítið fjölskyldufyrirtæki en öll eru þau úr Garðinum, Elmar og Harpa eru systkini og Sæunn er eiginkona Hörpu.

## Gisting og hundaleikskóli

Elmar segir að vel hafi gengið frá því þau opnuðu og hótelid fengið góðar móttökur. „Við erum búin að stækka töluvert síðan við opnuðum. Þetta er upp og niður eins og gengur og gerist, það er mikið að gera en svo koma auðvitað rölegir tímar inn á milli – en þegar flestir eru í frí er mest að gera hjá okkur.“



Dýravínir Harpa Lind, Sæunn og Elmar Þór. VF/JPK



„  
Ánægður hvutti,  
ánægður eigandi ...

Aðstaðan hjá þeim hefur stækkað um helming síðan þau hófu rekstur á Ásbrú og þau geta því tekið á móti fleiri dýrum í gistingu. Í upphafi voru þau með rými fyrir 44 dýr en eru komin upp í 82 eftir viðbætur.

## Hvað fær fólk til að fara út í svona rekstur?

„Þú þarft náttúrulega að hafa gríðarlegan áhuga á dýrum – vera dýravínur,“ segja þau samhljóða. „Ég er búinn að vera í þessu í tíu ár,“ segir Elmar. „Maður myndi auðvitað ekki tolla í þessu nema af því að maður hefur svo gaman af þessu. Aðbúnaður dýranna skiptir öllu máli hjá okkur og hefur alltaf gert. „Ánægður hvutti, ánægður eigandi,“ segjum við.“

Elmar segir að gestirnir kvarti ekki og vilji ólmir koma aftur. Þeir séu farnir að ýlfra og dilla skottinu þegar þeir koma í götuna og það sýni að þeim líði vel á hótelinu.

Harpa Lind segir að þau séu líka með daggæslu, nokkurs konar leik-

skóla fyrir hunda og það sé orðið gríðarlega vinsælt.

„Fólk sem vinnur langan vinnudag eða þarf að útrétta kemur þá með hundana til okkar og hérna fá þeir félagsskap með öðrum hundum. Þetta er í gangi frá átta til sex alla daga vikunnar og við bjóðum upp á tíu skipta klippikort sem margir eru að nýta sér.“

## Grindvískir ferfætlingar í góðu yfirlæti

Hóteleigendurnir segja að vel hafi verið tekið í það þegar þau buðu ferfættum Grindvíkingum fría gistingu á meðan ástandið er eins og það er í Grindavík.

„Síminn stoppaði varla þegar við auglýstum þetta og við höfum tekið á móti töluverðum fjölda af hundum og köttum,“ segja þau. „Fólk er svo þakklátt fyrir að geta komið dýrunum sínum í öruggt skjól – hér hafa fallið tár.“

„Við tókum við eitthvað um fjórutíu dýrum og tuttugu þeirra

eru ennþá hjá okkur,“ bætir Harpa við.

„Þetta eru dýr sem höfðu ekki í önnur hús að venda. Fólk er kannski inn á fjölskyldu og vinum og getur ekki haft dýrin hjá sér. Það getur verið ofnæmi eða eitthvað annað sem kemur í veg fyrir það,“ segir Elmar.

Hrepparígurinn á Suðurnesjum hefur verið áberandi í gegnum tíðina en þegar á reynir er hann ekki til staðar. Þau segja að eins og aðrir þurfi þau að leggjast á árarar með Grindvíkingum og aðstoða eftir fremsta megni. „Við höfum laust pláss hjá okkur og það er gott að geta nýtt það svona. Þegar eitthvað bjátar á skín ná-ungakærleikurinn í gegn og allir hjálpast að,“ sögðu dýravínirinn að lokum.



Jóhann Páll Kristbjörnsson  
johann@vf.is

# TM

## Þjónusta TM er hugsuð fyrir þig

Á [tm.is](https://tm.is) og í **TM appinu** getur þú gengið frá öllum tryggingum hvar og hvenær sem þér hentar.



# Vill eignast bíl og fleiri vini

## Ungmenni vikunnar:

**Nafn:** Heiðar Sær Sveinsson.  
**Aldur:** 15 ára.  
**Bekkur og skóli:** 9. bekkur Stóru-Vogaskóla.  
**Ahugamáli:** Ræktin, náttúrufræði og tölvuleikir.



Ungmenni vikunnar

Heiðar Sær hefur mest gaman af náttúrufræði og íþróttum. Hann væri til í að geta látið sig hverfa og birtast annarsstaðar. Heiðar býr í Vogum og er ungmenni vikunnar.

**Hvert er skemmtilegasta fagið?** Náttúrufræði eða íþróttir.

**Hvaða þrjú hluti myndir þú taka með þér á eyðeyju og hvers vegna?** Swiss Army hníf, flösku og mjög góðan kveikjara.

**Hver í skólanum þínum er líklegur til að verða frægur og hvers vegna?** Örlýgur, alltaf stuð í kringum hann og allir þekkja hann.

**Hver er þinn helsti kostur?** Vinátta mín.

**Skemmtilegasta saga úr skólanum:** ---

**Ef þú gætir valið þér einn ofurkraft til að vera með restina af ævinni, hvað myndir þú velja?** Teleportation (hverfa og birtast annarsstaðar).

**Hver er fyndnastur í skólanum?** (Ég auðvitað) og Örlýgur, hann er ekki hræddur við neitt.

**Hvaða eiginleiki finnst þér bestur í fari fólks?** Þeir sem hjálpa þér ef þú þarft.

**Hvert er uppáhaldslagið þitt?** Pirates on a Boat.

**Hvað langar þig að gera eftir grunnskóla?** Eignast bíl og fleiri vini.

**Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?** Purusteik.

**Stundar þú íþróttir eða aðrar tímstundir (hvaða)?** Fer í ræktina.

**Hver er uppáhaldsbiómyndin þín?** Pacific Rim, eitt ekki tvö.

**Ef þú ættir að lýsa sjálfum þér í einu orði hvaða orð væri það?** Algerbró.



## Jákvæð viðbrögð við endurbótum á Myllubakkaskóla

### ■ Gert ráð fyrir fjölgun nemenda á komandi árum

Tillögur að endurbótum á Myllubakkaskóla hafa verið kynntar og þar segir að allur skólinn hafi verið endurhugsaður út frá nútímalægum viðhorfum og breyttum tímum með fjölbreyttari kennsluáferðum. Tillagan felur í sér að ný ásýnd skólans verður látlaus og að álmurnar eru hugsaðar þannig að þær myndi heildstæða byggingu við verklok. Tillögurnar hafa mælst vel fyrir hjá stjórnendum og starfsfólki skólans og segir Hlynur Jónsson, skólastjóri Myllubakkaskóla, frumdrögin vera glæsileg og að þau komi vel út.

„Almennt hef ég bara heyrt jákvæð viðbrögð við tillögnum. Fyrst átti ég von á viðbrögðum eins og með sundhöllina, Myllubakkaskóli er jú líka hannaður af Guðjóni Samúelsyni, en ég hef ekki heyrt mikið að fólk sé að spá í því í þessu tilfelli. Þessar teikningar nýta lóðina líka miklu betur, baklóðirnar eru miklu stærri og bjartari,“ segir Hlynur.

„Þetta verður mikil breyting fyrir skólastarfið. Ekki bara það að við séum að auka við okkur plássíð, það er gert ráð fyrir stækkun, skólinn ætti að rúma 450 til 500 nemendur en þeir eru um 300 núna. Skólinn var gerður fyrir 330 nemendur en með uppbyggingunni sem er fyrirhuguð á Vatnesinu er gert ráð fyrir fjölgun upp á 150 nemendur og því er verið að stækka skólann í samræmi við það. Við fáum stærra íþróttahús og getum þá mögulega verið með alla okkar íþróttakennslu á sama stað, þurfum þá ekki að fara upp á Sunnubraut.“

### Bætt aðstaða til íþróttaiðkunar

Hlynur segir að íþróttahúsið hafi verið barn síns tíma og sé að flatarmáli innan við 200 fermetrar.

„Ég man sjálfur eftir að hafa verið á körfuboltaæfingum þar. Við vorum tuttugu, þrjátíu strákar og þegar maður hugsar til baka spyr maður sig hvernig þetta hafi verið hægt. Nýja íþróttahúsið verður glæsilegt og vonandi nýttist það ekki bara okkur heldur líka út í íþróttastarfið í kjölfarið. Fleiri æfingastaðir, hægt að hafa fleiri æfingar fyrr um daginn og þá ljúka börn sínum tímstundum fyrr á daginn – þannig að þetta myndi bæta aðstöðuna fyrir alla.“

### Hvenær sérðu fyrir þér að þessi nemendafjölgun muni eiga sér stað?

„Ég held að það sé dálítið í það. Þó það sé búið að deiliskipuleggja hverfið er ekki byrjað að byggja það svo það verða væntanlega



Hlynur Jónsson, skólastjóri Myllubakkaskóla. VF/JPK

einhver ár í það. Samt sem áður nýtum við plássíð alveg, verðum með færri börn í hverjum árgangi en getum tekið á mót fleirum þegar fjölgunin verður hægt og bítandi næstu árin,“ segir Hlynur. Hann segir jafnframt að nú þegar sé búið að taka við nokkrum nemendum frá Grindavík og það sé ekki hægt að líta framhjá þeirri staðreynd að þeim gæti mögulega fjölgað, hvort sem það sé til frambúðar eða tímabundið.

### Hlökkum til að komast í nýju bygginguna

Mikið rask hefur orðið á skólastarfi Myllubakkaskóla eftir að mygla greindist í skólanum fyrir tveimur árum og það hefur haft mikil áhrif á alla sem að starfinu koma.

„Hvort sem það er starfsfólkið, foreldrar nemenda eða nemendur sjálfir þá upplifa allir að þetta sé orðið mjög langdregið og við hlökkum öll til að geta komist í bygginguna. Um næstu áramót fáum við eina álmu afhenta, þannig að í janúar getum við flutt inn í eina bygginguna. Haustið 2024 verður næsti áfangi afhentur og haustið 2025 ætti allur skólinn að vera meira og minna tilbúinn.“

Hlynur tekur fram að þessar áætlanir eru samkvæmt núverandi tímaáætlun en eins og flestir vita geta þau áform alltaf breyst.



Bakgarður skólans verður bjartur og skjólsæll. Mynd/Arkis

## VERIÐ VELKOMIN Í VERSLUN MIMOSA Á HAFNARGÖTU 90 Í REYKJANESBÆ

Hjá okkur færðu allt fyrir veisluna þína. Við bjóðum upp á gott úrval af skrauti fyrir öll tilefni; blöðrur, leikföng og aðra gjafavöru, ásamt því að bjóða upp á skreytingarþjónustu.

Endilega kíkið við í verslun okkar eða verslaðu á vefsíðunni

**mimosa.is**

**MIMOSA**

## Breytingar á Aðalskipulagi í Reykjanesbæ



Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti 21. nóvember 2023 tillögu að óverulegri breytingu á Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035 samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í því að stækka landnotkunarreit AT12 til suðurs um 4,4 ha. Fyrirhuguð stækkun tekur til skipulagssvæða AT12 og OP26 sunnan við Reykjanesbraut.

Breytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar.

Reykjanesbær 7. desember 2023

## Lindin vígð á átján ára afmæli Akurskóla

Lindin var formlega vígð þann 9. nóvember í Akurskóla, á átján ára vígsluafmæli skólans. Sigurbjörg Róbertsdóttir, skólastjóri Akurskóla, hélt tölu við tilefnið þar sem hún fór yfir tilurð Lindarinnar en Lindin hefur nú þegar notið velvildar úr nærsamfélaginu með ýmsum styrkjum.

Lindin er sértækt námsúrræði á vegum Reykjanesbæjar sem er starfrækt í Akurskóla og bætist við þrjú sértæk námsúrræði í Reykjanesbæ; Ösp, Eik og Björk. Fyrsti vísir að Lindinni varð til fyrir tveimur árum með úrræði fyrir tvo nemendur á einhverfurofi innan skólans, nemendurnir urðu svo fjórir haustið 2022 og núna haustið 2023 eru átta nemendur í Lindinni. Smátt og smátt hefur námsúrræðið stækkað og er núna komið í það húsnæði sem hæfir



Aðstaða Lindarinnar er hugsuð með þarfir nemenda í huga. Mynd af Vef Akurskóla



Helgi Arnarson, sviðsstjóri menntasviðs Reykjanesbæjar, færði Sigurbjörgu Róbertsdóttur, skólastjóra Akurskóla, blómvönd og fjárstyrk frá Reykjanesbæ af tilefni. VF/JPK

því innan skólans. Stefnir er að því að Lindin verði athvarf tíu nemenda haustið 2024.


Arnar Smáráson, deildarstjóri Lindarinnar, segir nemendur Lindar koma úr fimm skólum Reykjanesbæjar og námsumhverfið sé einstaklingsmiðað og aðlagð að þörfum hvers og eins. Í deildinni er lögð áhersla á að nemendur nái færni í íslensku og stærðfræði og geti hjargað sér í daglegu lífi. Þá sækja nemendur Lindarinnar kennslustundir og frímínútur með sínum jafnöldrum eftir því sem við verður komið og njóta þá aðstoðar stuðningsfulltrúa. Nemendur fá einnig viðbótartíma í íþróttum og sundi. Aðalmarkmið úrræðisins er að hafa jákvæð áhrif á horfur barns og fjölskyldu og að efla lífsgæði barnsins.



## Aðventukvöld í Kálfatjarnarkirkju

Aðventukvöld með Sigurði Guðmundssyni í Kálfatjarnarkirkju fimmtudaginn 7. desember kl. 20:00. Ókeypis aðgangur á meðan húsrúm leyfir.

Verið hjartanlega velkomin í Kálfatjarnarkirkju.



Formaður Lionsklúbbs Njarðvíkur ásamt fulltrúum styrkþega sem fengu styrki úr verkefna- og líknarsjóði klúbbsins.

## Hefja sölu á jólahappdrættismiðum og veita styrki

Formleg sala á jólahappdrættismiðum Lionsklúbbs Njarðvíkur hófst sunnudaginn 3. desember í Nettó Krossmóa. Af því tilefni voru veittir styrkir úr verkefna- og líknarsjóði klúbbsins. Í ár fengu m.a. Velferðarsjóður Suðurnesja, Líknarsjóður Njarðvíkur-sókna, Akurskóli-Lindin, Tónlistarskóli Reykjanes-

bæjar og sykursýkismóttaka HSS styrki ásamt því að styrkir eru veittir til einstaklinga.

Lionsfélagar munu standa vaktina fyrir framan Nettó fram að Þorláksmessu og getur fólk nálgast miða þar.

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

**vf.is**



Ásgeir Hilmarsson, formaður Lionsklúbbs Njarðvíkur.

INNGANGUR

Heilsugæslan Höfða Suðurnesjum

Heilsugæslan Höfða Suðurnesjum

Vilt þú skrá Heilsugæslan Höfða Reykjanesbæ sem nýja heilsugæslustöð?

Við flutning á heilsugæslustöð verða sjúkraskráningar mínar aðgengilegar á valinni heilsugæslustöð / sjálfstætt starfandi heimilislækni.

Viltu velja heimilislækni?

Heimilislæknir

Nei, fara til baka

Já, ég vil færa mig

## SKRÁNING Á HEIMILISLÆKNA HAFIN

ÞJÓNUSTAN

- Læknisþjónusta
- Dagvakt til 17
- Hjúkrunarmóttaka
- Mæðravernd
- Ungbarnavernd
- Blóðrannsóknir

Á réttindagátt á [www.sjukra.is](http://www.sjukra.is) er hægt að velja lækna til að skrá sem sinn heimilislækni.

Einnig er hægt að koma í móttöku okkar að Aðalgötu 60 þeir sem eru þegar skráðir á stöðina geta hringt í síma 591-7080 og óskað eftir skráningu á heimilislækni.

ATH: Aðeins um 4.000 laus pláss í boði til að byrja með

Aðalgata 60  
230 Reykjanesbæ

S: 591-7080  
[sudurnes@hgh.is](mailto:sudurnes@hgh.is)





Íþróttafeðgarnir Helgi Jónas Guðfinnsson og Arnór Tristan Helgason:

# Úr atvinnumennsku í körfubolta inn á knattspyrnuvöllinn

- Sonurinn hefur vakið athygli á þessu tímabili í körfunni

**VF ÍÞRÓTTIR**

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson  
sigurbjorn@vf.is



austan en ég man eftir mér heima með bolta að skjóta á ímyndaða körfu yfir einum dyrakarminum. Ég hélt áfram að æfa og keppa á skíðum eftir að við fluttum suður en þegar ég gat ekki lengur keppt á Andrésar andarleikumum eftir tólf ára aldurinn lagði ég keppniskíðunum en þá var ég byrjaður að æfa körfubolta með Grindavík. Ég var nokkuð fljótur að komast upp á lagið í körfunni en ég ætlaði mér alltaf að leggja fótboltann fyrir mig. Frá því að ég var gutti á Neskaupstað stefndi ég alltaf á að komast í landsliðsúrtakið sem fór fram á hverju sumri á Laugarvatni en það klikkaði eitthvað hjá knattspyrnudeild Grindavíkur og enginn fór og á sama tíma var ég valinn í unglíngalandslið í körfubolta. Ætli ég hafi ekki bara farið í smá fýlu út í fótboltann og tók þá bara ákvörðun um að einbeita mér að körfunni. Ég spilaði eitthvað með á sumrin í öðrum flokki en allur krafturinn fór í körfuna. Ég var byrjaður að spila í nokkuð stóru hlutverki með meistaraflakki Grindavíkur þegar ég var sextán ára og fór svo eitt ár í menntaskóla í Bandaríkjunum og spilaði körfu þar. Ég var 22 ára þegar ég fór í atvinnumennsku, byrjaði í Hollandi og fór svo til Belgíu, var þrjú ár úti en á síðasta árinu mínu lenti liðið mitt í fjárhagserfiðleikum og það reyndi svolítið á sálarlífið.

Helgi spilaði eitthvað áfram með Grindavík í körfunni eftir að hann lagði fótboltaskónum endanlega en var farinn að glíma við meidsli, m.a. í baki, og hætti eftir 2007 tímabilið. Svo ákvað hann að taka skóna fram fyrir hið fræga 2008/2009 tímabil þegar Grindavík fór í oddaleik á móti frábæru liði KR. „Ég er ekki enn hættur að spá í hvað hefði gerst ef ég hefði tekið þriggja stiga skot þegar um tíu sekúndur voru eftir af leiknum. Við vorum bara einu stigi undir svo mér fannst við þurfa fá betra tækifæri en svo enduðum við á að ná ekki skoti á körfuna. Þar sem þetta var síðasti leikurinn á ferlinum á þessi þæling eflaust eftir poppa upp af og til, hvað hefði gerst ef ég hefði skotið?“ spyr Helgi.

## Djálfarinn Helgi

Helgi Jónas tók svo við þjálfun Grindavíkurliðsins í körfu og náði góðum árangri. „Ég tók við Grindavíkurliðinu haustið 2010, okkur gekk ekki nógu vel en komumst þó í bikarúrslit þar sem við töpuðum fyrir KR. Eftir það gerði ég breytingar á liðinu, sendi Kana-bakvörðinn heim, tók Nick Bradford í staðinn, tók sjálfur fram skóna og kláraði tímabilið en við féllum því miður út í átta liða úrslitum á móti Stjörnunni sem fór alla leið í úrslit á móti KR sem vann tvöfalt þetta tímabil. Við náðum að styrkja liðið vel fyrir næsta tímabil, fengum t.d. Jóhann Árna

„Ég var ekki einu sinni byrjaður að æfa körfubolta á þeim aldri sem Arnór bjó yfir frábærri boltatækni svo jú, líklega er hann föðurbetrungr eða hið minnsta efni í slíkan,“ segir Helgi Jónas Guðfinnsson sem íþróttunnendur þekkja væntanlega mest vegna körfuboltaíðkunar en bæði var Helgi frábær leikmaður, sem lék um tíma sem atvinnumaður erlendis, og hefur þjálfað í úrvalsdeild karla. Í dag er hann aðstoðarþjálfari hjá liði Álftnesinga og upplifði skritið augnablik í annarri umferð Subway-deildarinnar þegar sonur hans, Arnór Tristan, lék á móti honum með liði Grindavíkinga.

Kannski muna ekki allir eftir Helga í fótboltabúningi en hann tók óvænt knattspyrnskóna fram fyrir 2002 tímabilið og var einn af lykilmönnum í liði Grindavíkinga sem átti frábæran seinni helming í þriðja sæti. Hann var svo valinn leikmaður Íslandsmótsins á körfuknattleikstímabilinu sem fylgdi í kjölfarið. Bládamanni er til efs að þetta verði leikið eftir, að vera lykilmáður í úrvalsdeildarliði í knatt-

spyrnu og einnig í körfuknattleikslíðinu.

Helgi Jónas var ekki nema sextán ára þegar hann var kominn í nokkuð stórt hlutverk hjá meistaraflakki körfuknattleikslíðs Grindavíkur og 22 ára var hann kominn í atvinnumennsku. Þegar hann kom til baka úr henni þremur árum síðar var körfuboltaneistinn eiginlega slökknadur. Helgi hafði því samband við Bjarna Jóhannsson, sem þá var að



þjálfna knattspyrnulið Grindavíkur í efstu deild karla, og spurði hvort hann mætti ekki mæta á æfingar. Bjarni, sem er frá Neskaupsstað eins og Helgi, hafði þjálfað Helga þar í sjötta flokki og tók honum fagnandi. „Ég hafði samband við Bjarna í lok apríl ef ég man rétt

og byrjaði að æfa fótbolta í fyrsta skipti í ansi mörg ár. Liðinu gekk ekki nógu vel til að byrja með og Bjarni gerði breytingar um miðbik mótsins, færði þá Sinisa Kekic aftur í vörnina með Ólafi Erni Bjarnasyni og þá opnaðist glufa fyrir mig á miðjunni og þegar Paul McShane fór í leikbann í tíundu umferð fékk ég tækifærið. Á svipuðum tíma kom Alfreð Jóhannsson [hann þjálfaði karla lið UMFG árið 2022] inn í liðið líka en hann hafði ekki heldur æft eða spilað með liði í efstu deild. Það gerðist eitthvað hjá liðinu og við komumst á gott skrið, enduðum í þriðja sæti sem tryggði okkur sæti í Evrópukeppninni. Ég náði að leggja upp nokkur mörk þetta tímabil og ætlaði mér ekkert annað en halda áfram í fótboltanum en spilaði líka með Grindavík í körfunni þegar körfubolta tímabilið hófst haustið 2002 og var kosinn besti leikmaður Íslandsmótsins. Ég náði að taka nokkrar æfingar með Lee Sharpe á undirbúningstímabilinu vorið 2003. Þessi fyrrum leikmaður Manchester United var þá nýgenginn til liðs við Grindavík en svo sleit ég vöðva í kálfa og þar sem það var vitað að ég yrði átta vikur hið minnsta að jafna mig fóru knattspyrnskórnir endanlega upp í hillu.“

## Enginn körfubolti á yngri árum

Körfubolti var ekki ofarlega í huga Helga á uppvaxtarárunum, hann ólst upp á Neskaupstað þar sem skíði voru aðalíþróttin yfir vetrarmánuðina og fótbolti á sumrin. „Ég var um ellefu ára gamall þegar við fluttum til Grindavíkur en fram að þeim tíma hafði ég æft og keppt á skíðum á veturna og spilað fótbolta á sumrin. Mér gekk vel á skíðunum og á mikið af verðlaunum fyrir árangur á þeim. Það var enginn körfubolti fyrir

Samvinnuverkefni milli Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja (HSS) og Reykjanesapóteks  
Styrkt af Heilbrigðisráðuneytinu

## Bólusetningar forgangshópa í Reykjanesapóteki

Tímamantanir í síma, tölvupósti eða á staðnum.

### Forgangshópar í Inflúensu bólusetningu:

- Allir einstaklingar 60 ára og eldri.
- Öll börn fædd 1.1.2020-30.6.2023 sem náð hafa 6 mánaða aldri þegar bólusetter.
- Fólk með langvinna sjúkdóma, s.s. hjarta-, lungna-, nýrna- og lífrarsjúkdóma, sykursýki, offittu, illynja sjúkdóma og aðra ónæmisbælandi sjúkdóma.
- Pungaðar konur.
- Heilbrigðisstarfsmenn sem annast einstaklinga í áhættuhópum sem taldir eru upp hér að ofan.

### Forgangshópar í Covid bólusetningu:

- Allir einstaklingar 60 ára og eldri.
- Fólk með langvinna sjúkdóma, s.s. hjarta-, lungna-, nýrna- og lífrarsjúkdóma, sykursýki, offittu, illynja sjúkdóma og aðra ónæmisbælandi sjúkdóma.
- Pungaðar konur.
- Heilbrigðisstarfsmenn sem annast einstaklinga í áhættuhópum sem taldir eru upp hér að ofan.

**Reykjanesapótek Hólagötu**  
Hólagata 15, 260 Reykjanesbæ  
Sími: 421-3393  
holagata@reykjanesapotek.is

**Opnunartímar**  
Virkir dagar: 9-20  
Helgar: 12-19

**Reykjanesapótek Fitjar**  
Fitjar 2, 260 Reykjanesbæ  
Sími: 421-3383  
fitjar@reykjanesapotek.is

**Opnunartímar**  
Virkir dagar: 10-20  
Laugardagar: 10-14



Íslandsmeistarar Grindavíkur árið 1996.





Arnór Tristán gerir það sem föður hans tókst aldrei í leik – að troða.

Ólafsson frá Njarðvík og Sigurð Þorsteinsson frá Keflavík og lönduðum Íslandsmeistararitlinum. Það var orðið mikið að gera hjá mér með Metabolic líkamsræktarstöðina mína svo ég hætti þjálfun en körfuboltataugin er alltaf sterk í mér. Mér bauðst að taka við Keflavíkurliðinu árið 2014 en lenti í vandræðum með hjartað í mér og þurfti því að hægja á og segja skilið við Keflavíkurliðið. Ég veit ekki hvort ég hafi áhuga á að taka aftur við sem aðalþjálfari, þetta er mikill streituvaldur og það fer mikill tími í þetta. Kannski hentar mér núverandi staða best, að vera aðstoðarþjálfari, en mér bauðst það hjá nýliðum Álfnesinga fyrir þetta tímabil. Okkur hefur gengið ágætlega en ég viðurkenni fúslega að það var skrítið að vera þjálfari á mótum Arnóri syni mínum í annarri umferðinni, bæði vildi ég að honum gengi vel en vildi sigurinn að sjálfsgöðu meira," sagði Helgi.

#### Föðurbetrunur?

Sonur Helga Jónasar, Arnór Tristán, hefur vakið verðskuldada athygli með Grindavíkurliðinu í haust. Liðið var ekki fullmótað í byrjun tímabils auk þess sem meidd voru að hrjá lykilleikmenn en Arnóri hefur vaxið ásmegin með hverjum leiknum af fætur öðrum. Troðslur hans hafa vakið mikla kæti grindvískra stuðningsmanna og mátti halda að þakið væri að rifna af HS Orku-höllinni í leik á mótum Tindastóli áður en skjálftahrinan hófst í Grindavík. „Ég er búinn að spila í öllum leikjunum á þessu tímabili og sjálfstraustið hefur aukist með hverjum leiknum. Ég viðurkenni að það var gaman að ná þessum troðslum og heyra fagnadarlætin en ég vil frekar að liðið vinni heldur en að ég nái að troða. Ég reyni að gera það sem ég get til að hjálpa liðinu, það er hægt að gera það á fleiri vegu en skora. Mitt markmið er að komast í atvinnumennsku en ég er bara sextán ára og hef nægan tíma til

stefnu. Ég held að ég muni reyna komast í háskólaboltann, ég hef þó ekki möguleika á því fyrr en eftir nokkur ár svo vonandi get ég þróað minn leik áfram hér á Íslandi. Það er frábært tækifæri fyrir mig að hafa þessa með mér, ég veit að ég get bætt minn leik mikið með hann mér við hlið, sama hvort um er að ræða tæknipjálfun í körfubolta, styrktarþjálfun eða andlega hlutann. Ef ég er tilbúinn að leggja á mig veit ég að hann mun aðstoða mig," segir Arnór Tristán.

#### Hvað segir Helgi Jónas, er sonurinn orðinn föðurbetrunur?

„Það er góð spurning. Arnór spilaði eitthvað í fyrra með meistaraflokki þegar hann var sextán ára en á þeim aldri var ég kominn í nokkuð stórt hlutverk hjá Grindavík. Hins vegar hefur hann talsverða líkamlega yfirburði umfram mig því hann er mun hávaxnari auk þess sem hann getur hoppað út úr íþróttahúsinu. Ég náði aldrei að troða í leik en gerði það oft í upphitun! Svo má ekki gleyma því að ég vissi varla hvernig körfubolti leit út áður en ég flutti til Grindavíkur en á þeim aldri var Arnór kominn með mjög góða boltatækni, bæði með hægri og vinstri. Hann hefur stækkað gríðarlega á undanföllum árum og er mjög athyglisvert að sjá myndir af okkur sem voru teknar í ágúst og október árið 2021. Arnór er orðinn um 1,96 metrar að hæð og á hugsanlega eftir að stækka meira, það er mjög góð hæð fyrir bakvörð. Hann hefur spilað sem leikstjórnandi í gegnum alla yngri flokkana en hefur ekki spilað þá stöðu hjá meistaraflokki til þessa. Hann er með gott skot, ef hann er tilbúinn að leggja á sig það sem þarf og sleppur við meiddslir er þakið hans mun herra en mitt var á hans aldri. Eigum við ekki alla vega að segja að Arnór sé gott efni í föðurbetrun? Ég vona alla vega að hann verði betri en ég var og er í raun sannfærður um að svo verði," sagði Helgi Jónas að lokum.

## 1X2 „ÞRUMAÐ Á ÞRETTÁN“


### „Viljið þið ekki endurvekja tippaleikinn á Víkurfréttum?“

Hámundur Örn Helgason er heldur betur sjóðandi heitur í tippaleik Víkurfréttanna, hann gerði sér lítið fyrir á laugardaginn, fékk tólf rétta og tók Grindvikinginn Bjarka Guðmundsson í bakariði, Bjarki fékk bara átta rétta. Nokkuð ljóst að Bjarki var ekki stolt grindvískra tippara þessa helgina en aldrei hefur tippaleikur unnist með meiri mun. Við þökkum Bjarka samt kærlega fyrir „frábæra“ frammistöðu. M.v. hve mikið var í vinning fyrir þrettán rétta á seðlinum þarsíðasta laugardag, eða rúmar níu milljónir króna, þá voru rúmar 140 þúsund krónur fyrir tólf rétta, mætti áætla að Hámundur væri á grænni grein en því fór víðs fjarri, einungis fengust 1.760 krónur fyrir tólf rétta að þessu sinni, 91 þúsund fyrir þrettán rétta.

„Viljið þið ekki endurvekja tippaleikinn á Víkurfréttum?“ spurði Keflvíkingurinn Jón Ásgeir Þorkeðsson sem verður næsti áskorandi. Jón Ásgeir hitti blaðamann Víkurfréttanna á Réttinum fyrr á árinu og kom með þessa hugmynd sem varð að veruleika. Að sjálfsgöðu fær Jón Ásgeir því tækifæri á að spreya sig. „Ég hef saknað þessa dálks í Víkurfréttum allar götur síðan þetta lagðist af á sínum tíma. Ég hef alltaf verið virkur tippari og sakna sömuleiðis að geta ekki hitt félagana í K-húsinu á Hringbrautinni eins og við gerðum en hef fulla trú á að tippingurinn á Brons muni vaxa og dafna. Það var gaman að koma í hádeginu á laugardaginn, hitta aðra og þruma svo á þrettán. Mér gekk reyndar ekki nógu vel, fékk bara níu rétta en lofa betri frammistöðu á mótum Hámundi sem ég þekki vel, við höfum verið að tippa saman og ég skora hann hér með á hölm á Brons á laugardaginn! Ég held með West Bromwich Albion í enska boltanum og ástæðan er einföld. Þegar ég flutti til Keflavíkur frá Hellissandi kynntist ég strákum og mér sagt að allir héldu með liði í enska boltanum. Enskan mín var ekki upp á marga fiska svo ég valdi einfaldasta nafnið; WBA," sagði Jón Ásgeir.

Hámundur var ekki mikið að gorta sig yfir sigrinum yfir Bjarka. „Ég hafði nú ekki miklar áhyggjur

af þessum leik á mótum Bjarka, var nokkuð viss um að ég myndi vinna en kannski ekki með svo miklum yfirburðum eins og raun bara vitni. Bjarki og aðrir Grindvikingar eiga auðvitað um sárt að binda þessa dagana svo ég ætla ekkert að strá neinu salti í sárin hans. Mér list vel á að mæta Jóni Ásgeir í næstu umferð, við þekkjumst vel og höfum verið að tippa í Ljónagryfjunni til þessa en við munum mæta á Brons á laugardaginn, það er nokkuð ljóst. Ég mun gíra mig extra mikið upp fyrir þennan leik á mótum Jóni Ásgeir, ég geri ráð fyrir mun meiri mótsþyrnu en gegn Bjarka," sagði Hámundur.



Hámundur	Seðill helgarinnar	Jón
☒ ☒ ☒	Aston Villa - Arsenal	☒ ☒ ☒
☒ ☐ ☐	Man.Utd. - Bournemouth	☒ ☐ ☐
☒ ☐ ☐	Brighton - Burnley	☒ ☐ ☒
☐ ☐ ☒	Sheff.Utd. - Brentford	☐ ☐ ☒
☒ ☐ ☐	Wolves - Nott.Forest	☒ ☐ ☒
☒ ☐ ☐	Cardiff - Millwall	☐ ☐ ☒
☒ ☐ ☒	Huddersfield - Bristol City	☒ ☒ ☐
☒ ☐ ☐	Middlesbro - Ipswich	☒ ☒ ☒
☒ ☐ ☐	Norwich - Preston	☒ ☐ ☐
☒ ☐ ☒	Q.P.R. - Hull	☒ ☐ ☐
☒ ☒ ☒	Rotherham - Swansea	☐ ☐ ☒
☒ ☒ ☐	Stoke - Sheff.Wed.	☒ ☐ ☐
☐ ☐ ☒	Watford - Southampton	☒ ☒ ☐

# timarit.is

Öll tölublöð Víkurfréttanna frá 1980 og til dagsins í dag eru aðgengileg á timarit.is

## Breytingar á Aðalskipulagi í Reykjanesbæ



Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti 21. nóvember 2023 að kynna lýsingu breytingar á Keflavíkurborgir ÍB35 á aðalskipulagi.

Lýsingin er aðgengileg á heimasíðu Reykjanesbæjar, skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á skrifstofu skipulagsfulltrúa. Umsagnir berist eigi síðar en 7. janúar 2024 í skipulagsgátt eða á netfangið skipulag@reykjanesbaer.is.

Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar.

Reykjanesbær 7. desember 2023

## Allsherjaratkvæðagreiðsla

Ákveðið hefur verið að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu hjá VSFK um kjör aðalstjórnar samkvæmt B-lið laga um stjórnarkjör og stjórn sjómannaáætlar ásamt trúnaðarmannaráði, stjórn sjúkrasjóðs, orlofsheimlasjóðs og fræðslusjóðs og trúnaðarmannaráð.

Félagið leitar eftir félagsmönnum sem vilja taka þátt í starfsemi félagsins og hvetjum við áhugasama til að hafa samband.

Tillögum og ábendingum skal skilað á skrifstofu félagsins í síðasta lagi föstudaginn 15. desember kl. 12.00. Fylgt er reglugerð ASÍ þar að lútandi.

Nánari upplýsingar á skrifstofu félagsins

Kjörstjórn VSFK og nágrennis.



Verkalýðs- og sjómannaafélag Keflavíkur og nágrennis



lindex.is



## Mundi

Ég hélt að enginn kæmist yfir varnargarðinn í Svartsengi nema fuglinn fljúgandi.

LOKAORD



MARGEIRS VILHJÁLMSSONAR

## Samverustundir

Rannsóknarsetur verslunarinnar (RSV) útnefndi nýlega samverustundir sem jólagjöf ársins.

Allt frá árinu 2006 hefur RSV útnefnt jólagjöf ársins. Samverustundin nær þarna að skipa sér á stall með GPS-staðsetningar-tækinu sem var útnefnt 2007, jogginggallanum sem bar eftirminnilega sigur úr bytum í alheimsfaraldrinum og vitanlega ávaxtapressunni sem var fyrsti handhafi þessarar merkilegu útnefningar.

Það hlýtur að vera samfélagi okkar áhyggjuefni þegar hinn eini sanni samnefni jólahátíðarinnar, samveran, er orðin jólagjöfin sjálf.

Fyrir aðeins tólf árum síðan var spjaldtölvan útnefnd sem jólagjöf ársins en síðan má segja að skjáfíknin hafi yfirtekið samfélag okkar svo rækilega að nú sé hin eina sanna gjöf fri frá skjánum.

Tökum þetta til okkar, mætum í fjölskyldubodin þessi jólin og áramótin án snjalltækjanna. Verum til staðar. Finnum gömlu digitalmyndavélina þar sem linsan snýr frá okkur. Tölum við fólkið og njótum samverunnar. Sú jólagjöf kostar ekki neitt en er gulls ígildi. Ef þið viljið slá virkilega í gegn mætið þá í jogginggallanum með ávaxtapressuna undir hendinni og djúsið upp fjörið. Uppskrift að ógleymanlegum jólum sem aldrei sjást á samfélagsmiðlum.

*Gleðilega hátíð.*



JÓLABLAÐ  
VÍKURFRÉTTA  
kemur út í lok  
næstu viku

SÍDASTA BLAÐ FYRIR JÓL!

Verið tímanlega með efni  
og auglýsingar.

Sími 421 0000  
eða vf@vf.is

# LINDEX